

Halldór Pálsson, Tíminn 28. mars 1939

Stormurinn 5. marz 1938 og afleiðingar hans í Húsavík á Austfjörðum

Hér er í dag 6 stiga hiti á C. alveg logn, og þokuskýin hníga hægt og rólega norður himinhvolfið. Sunnanátt og hlýindi eru í lofti, og fyllir fjöri og þrótti allt, sem andann dregur. Búféð til að fullnægja munnni og maga og mennina til daglegra athafna og áframhaldandi framþróunar. Mjög oft er veðráttan um þennan tíma árs köld, snjóa- og stormasöm.

Fjöldi fólks er enn í fersku minni sá feikna stormur, sem fór yfir þetta land aðfaranótt þessa dags fyrir ári síðan, og skildi eftir áminnileg merki þess, hve höfuðskepnurnar eru máttugar.

Hér verður sagt frá afleiðingum þessa storms í Húsavík á Austfjörðum.

Í Húsavík eru 4 bæir. Einn þeirra heitir Húsavík og stendur næst sjónum. Íbúð fólksins þar voru tvö tímurbús, að mestu sambyggð, þau fuku með sumu af fólkinu í, svo og skúrar er við húsinn voru á þrjá vegu. Stærð húsanna var sem hér segir:

Vestra húsið 9,50 X 3,75 m., portbyggt. Byggt 1908 eða 1909. Hitt húsið stóð þvert við austurstafn vestra hússins, 7,50 X 3,75 m. Eitthvað var það eldra. Norðan við vestra húsið stóð skúr, 3,75 m. á breidd, jafn langur húsinu og það hár, að þakið náði uppundir þakskegg hússins. Veggirnir að skúrnum voru úr torfi. Vestan við húsið var skúr, 7,50 m. langur, jafn hár og jafn breiður hinum skúrnum. Torfveggir voru einnig að þessum skúr. Austan við eystra húsið var skúr, 7,50 m. langur, 3,50 m. breiður, með torfveggi á tvo vegu. Þak hans náði upp að þakskeggi hússins.

Heimilisfólkið eru eftirtaldir menn:

Þorsteinn Magnússon, sem ekki var heima, Ingibjörg Magnúsdóttir, kona Þorsteins. Synir þeirra Magnús, Anton, Gunnþór, Jón og Kristinn, er ekki var heima. Bræður þessir eru allir fulltíða menn, svo og systir þeirra, Valborg, er heima var. Börn og unglingar nefndra hjóna, 15 ára og yngri, eru fjögur. Yngsta barnið 2ja ára. — Klukkan um 2 um nóttina vaknaði fólkið við það, að kraftmiklir suðvestan stormsveipir hristu húsið, svo sumt af fólkinu fór þá strax í föt, því óttast var að brotna mundu rúður, eða eitthvað fara aflaga. Þetta veður stóð í eina kl.st. Þá slotar allmikið, en að 15 mínútum liðnum hvesir meir en áður, og er þá vindur mjög norðvestanlægur. Varð þá í einni svipan svo hvasst að húsið eins og lék á þræði og þakið á skúrnum vestan við húsið brotnaði inn. Að því búnu lygndi í 2 til 3 mínútur, en áður en varði kom stormsveipur, sem mikið grjótkast fylgdi, eins og skothríð væri. Vestra húsið og skúrin norðan við það, tók í loft upp að öðru leyti en því, að suðurhliðin féll fram á hlaðið, með öllu sem í var, þar á meðal Magnúsi, Gunnþóri, Anton, Jóni, Valborgu og Ingibjörgu, og kom ekki við jörð, fyrr en 11 metrum suðvestar en það áður stóð. Þar brotnaði það í smátt og sópaðist spýtnaruslið 26 metra undan storminum, eftir túninu, og þá tók við sjávarbakkinn 26 til 30 metra hár. Sumt, sem þarna fuk, lenti niður bakkann og ofan í fjöru, mikið fuk út á sjó, svo sem járn, fatnaður og annað, sem létt var fyrir vindi. — Á að gizka 3—5 mínútum síðar kom annar stormsveipur og feykta porthæðinni og lagði í rúst neðri hæð eystra hússins, svo og þak skúrsins austan við það.

Er húsinn tók í loft upp, var fólkið státt sem hér segir: Ingibjörg er stödd í gangi við útidyr á vestra húsinu, og verður viðskila við það, sem næst á miðri leið, áður en það kom við jörð, og nær sér inn í skúrin austan við húsinn, þar verður hún undir rústum af húsinu, er síðar fuk. Magnús, Anton, Gunnþór, Jón og Valborg voru í herbergi uppi á lofti í vesturendanum. Gunnþór var að negla póst í glugga, er var að losna. Börn og unglingar voru uppi á lofti í eystra húsinu. Strax og húsið nam við jörðu, losnuðu þeir við það Anton og Jón, og komust upp í húsið er síðar fuk, taka börnin og unglingana, er þar voru, eins og áður er frá sagt, og fóru á stað með þau vestur að Dallandsparti, sem er rúmlega 100 metra vegur. Þeir höfðu aðeins náð börnunum úr húsinu, er það fuk, eins og áður er á minnst. Gunnþór mun hafa rotast af höfuðhöggi, en kemur brátt til meðvitundar aftur og heldur upp að húsrústunum, — óglöggv veit hann, hvernig hann losnaði við brakið úr hinu fjúkandi húsi —, þar

heyrði hann hljóð frá móður sinni undir stóru flaki af skúrnum, er hún var í. Flakinu gat hann lyft það mikið, að hún losnaði úr þeirri klemmu, er hún var í, en það hafa kunnugir sagt, að undravert væri, að einn maður skyldi geta. Ekki var það í ákveðnu augnamiði, að Gunnþór fór upp að húsrústinum, en talið er líklegt að það hafi orðið móður hans til lífs. Valborg berst með húsbrakinu marga metra eftir að það kom til jarðar, skreið upp sunnan við brakið og náði þar til Antons og Jóns, er þeir voru að leggja af stað með börnin og unglिंगana vestur að Dallandsparti. Magnús meiddist mikið á þessu ferðalagi en vissi þó alltaf hvað gerðist. Hann lenti með brakinu álfka langt og Valborg, en gat ekki strax komizt burt sökum sársauka, enda hættulegt að hreyfa sig mikið, meðan framhjá honum og yfir hann var að fjúka bæði járn og timbur, en að stuttri stundu liðinni hafði hann sig suður úr hinu fjúkandi húsabraki og fór vestur að Dallandsparti.

Er þau Gunnþór og Ingibjörg komu að Dallandsparti, var þar allt Húsavíkurfólkið saman komið. Þar hafðist það við, það sem eftir var nætur, í tveim litlum stofum undir lofti, svo og fólkið á Dallandsparti, því þakið var fokið af íbúðarhúsinu þar.

Í fáum dráttum má segja frá meiðslum fólksins þannig: Anton og Jón voru nokkuð rispaðir til blóðs eftir spýtuflísar og nagla. Ingibjörg og Valborg voru töluvert rispaðar og marðar, aðallega á höndum, fótum og andliti, en ekki svo að þær væru ekki daglega á fótum, og aðalþjáningar af áverkunum hurfu, eftir nokkra daga. Gunnþór meiddist aðallega á gagnauga, og hafði þjáningar af í meira en mánaðartíma. Magnús meiddist mikið í baki og víðar, og vegna þess lá hann rúmfastur í þrjár vikur, og var að mestu frá verkum til júníbyrjunar. —

Hundur slasaðist svo, að hann hlaut bana af, hann hafði staðið við hlið Ingibjargar í útidragangi, er húsið f auk. Guðs mildi er það virkilega, að fólkið skyldi ekki slasast meira, undir þessum kringumstæðum

Í norðvestur, stutt frá túninu, er melkollur hár. Úr honum f auk möl — hellulöguð — 160 m. veg yfir túnið, svo að hreinsa varð það með rekum og skóflum. Víða fundust steinar allt að eitt kílógr. að þyngd, og hraðinn og krafturinn var svo mikill, að mölin hjó ótal göt á bárujárnið, sem þak og veggir kirkjunnar eru klæddir með. Á þessu sézt gleggst, hve þessi stormur var kraftmikill. — Kirkjuhurðin f auk upp, og stormurinn braut gat á þakið á kirkjunni. Auðvitað brotnuðu úr kirkjunni flestar rúðurnar. Kirkjan stendur 8 metra suðvestur frá íbúðarhúsinu í Húsavík.

Daginn eftir og næstu daga var tíð þurr og ekki köld. Það var lán, undir þessum kringumstæðum, því margt þurfti að gera þar, sem svona stóð á, fólk, gripir, búslóð og matbjörg að mestu húslaut. Þarna f auk, í viðbót við það, sem áður er sagt, tvær hlöður, sem rúmuðu 350 til 400 hesta af hey, 50 hestar af höðu, 10 af útheyi, fjárhús er tók 120 fjár, partur af sjóhúspaki, þetta allt frá Húsavík, sjóhús frá Dallandsparti 7,50 X 3,75 m. portbyggt, og járníð af hálfu þakinu á íbúðarhúsinu á Hólshúsum, þriðja bænum í vikinni, svo og hluti af fjárhúspaki þar. Á þessum bæjum þremur er aðal eldsneytið svörður, hann f auk að mestu leyti. Einn bærinn, Dalland skemdist ekki svo teljandi sé. Sá bær er nokkuð afskekktur, lengra inn í víkurdalnum en hinir bæirnir.

Það fyrsta, sem gert var, þegar veðrið lægði, var að ná í kýrnar sem voru í skúrnum austan við húsið, og áður er sagt frá að fokið hafi; jafnframt þurfti að leita uppi föt, en sumt af þeim hafði fokið á sjó út. Húsgögn og aðrir múnir brotnuðu nær undantekningarlaust, og matur spilltist. Hreppsnefndin í Borgarfjarðarhreppi, hefir látið meta þetta tjón, og sagt er að það sé lágt metið á 10 þúsund krónur. Nú er búið að endurreisa bæinn í Húsavík. Hann er byggður úr steinsteypu með valmapaki úr timbri og jární. Fjárhúsið er reist og önnur hlaðan, svo og 100 kinda hús í stað skúranna er voru við íbúðarhúsið, þar var fjárgeymsla. Þrátt fyrir allt, sem búið er að starfa til endurbóta í Húsavík í ár, er eðlilega margt ógert enn, sem gera á á komandi sumri.

Staddur í Húsavík 5. marz 1939
Halldór Pálsson.